

stofn-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– þær ætla að stofna fyrirtæki

‡ • stofnun » reisa, byggja

sleppa *so. sb.-3 – drekka*
[slapp, sluppum, sloppið]

– fuglinn slapp úr búrinu

‡ • sleppa

springa *so. sb.-3 – drekka*
[sprakk, sprungum, sprungið]

– það sprakk á bílnum mínum

‡ • stökkva

troða *so. sb.-6 – fara*
[tróð, tróðum, troðið]

– hún tróð öllum fötunum inn í skáp

‡

tón-n *kk. – hestur S*
[-s, -ar]

– það er erfitt að ná tóni úr flautunni

‡/tóni • tónlist

byggð *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– það er lítil byggð á Vestfjörðum

‡ byggð • byggja, bygging

tónlist *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– þú hlustar mikið á tónlist

‡ • tónn, list, listamaður

jafnvægi *hk. et. – hús*
[-s]

– hann er í góðu jafnvægi eftir fríð

‡ • jafn, vega

auglýsing *kvk. – spurning*
[-ar, -ar]

– á undan fréttum koma auglýsingar

‡ • auga, augljós, ljós (lo), lýsa, lýsing

metr-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– ég ætla að fá tvo metra af þessu efni

• millimetri, sentímetri, kílómetri

biskup *kk. – hestur O*
[-s, -ar]

– hver er biskup Íslands?

‡

guf-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– það myndast gufa þegar vatnið sýður
– ég ætla í gufuna

‡

spennandi *lo. ób.*

– þetta var spennandi bíómynd

‡ • spenntur, spenna

fersk-ur *lo. – gular*
[-, -t; -ari, -astur]

– ég anda að mér fersku lofti

‡ ferskr/feskr

viðstadd-ur *lo. – gular Ö*
[viðstödd, viðstatt]

– hún var ekki viðstödd opnunina

‡ viðstaddr • við, standa, staddur; staður

fjarlægð *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– ég sá hann úr fjarlægð

‡ • fjarlægur, fjarlægja; fjarri, fjarski